

*Alþingi*  
*Erindi nr. þ 140/2184*  
*komudagur 8.5. 2012*

## **Athugasemd við rammaáætlun**

Greta Palsdóttir [gpalsdottir@gmail.com]

**Sent:** 8. maí 2012 22:02

**Viðtakandi:** Nefndasvið umsagnir

---

Við gerum alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaátætlun og teljum það eiga betur heima í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar sem almenningur og ferðamenn geta notið með lítilli fyrirhöfn. Þess má geta að um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar.

Sömu leiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga. Með verndun þessa svæðis skapast tækifæri til uppbyggingar eldfjallagarðs í einhverri þeirri mynd sem talin verður henta til fræðslu um jarðmyndanir og sem gríðarlega áhugavert ferðamannasvæði.

Virðingarfyllt  
Gréta E. Pálsdóttir,  
Ægir Ellertsson,  
Birkibergi 16,  
221 Hafnarfirði.